

APOLLO

DESIGNED IN
MONTREAL, CANADA

CITY

Leiðbeiningar



Til hamingju með nýja Apollo rafmagnshlaupahjólíð þitt


Mikilvæg atriði fyrir fyrstu
notkun á hlaupahjólí:

1. Fullhlaða rafhlöðu.
2. Pumpa í dekk – 50 psi.
3. Ávallt skal nota hjálm.




TAKA HJÓL Í NOTKUN:

- 1) Ýttu niður bláu læsingunni, til þess að losa öryggisstöngina.
- 2) Lyftu upp stýrisstöng þangað til hún smellur í rétta stöðu. Ýttu vel á stýris stöngina til að ganga úr skugga um að hún sé læst í réttri stöðu.
- 3) Að lokum, losið um handföngin og skrúfið rétt á stýris stöngina. Eftir að stýris stöngin hefur verið stillt í rétta hæð, gangið úr skugga um að læsing á hæðar stilli sé vel hertur.





Ath. að nýtt og ónotað rafmagnhlaupahjóli getur verið stíft til að byrja með. Ekki nota of mikið afl ef hjólið reynist stíft, notið þá hjólafeiti eða álika vöru til að losa um.



BRJÓTA SAMAN HLAUPAHJÓL



- 1) Alltaf að ganga úr skugga um að slökkt sé á hlaupahjólí áður en það er brotið saman.
- 2) Aflæsið stýrisstöng og ýtið henni niður þangað til stýri er komið að fellilás, þá herðið á lásnum. Ekki gleyma að skrúfa handfang af til að fella það saman.
- 3) Losið fellilásinn og ýtið stýrisstöng rólega í átt að standfleti á hjólí þangað til öryggisstöng smellur á réttan stað.





KVEIKJA / SLÖKKVA

Ýttu á Power takkann (sýndur hér að ofan) og haldið inni í ca. 3 sekúndur til að kveikja á hjóli. LED skjár fer þá í gang. Til að slökkva á hjóli er þetta gert aftur. Hlaupahjólíð mun slökkva á sér sjálfkrafa ef það er ekki notað í 90 sekúndur.

HRAÐASTÝRING

Þegar það er kveikt á hjólinu, muntu sjá þrjá hraðagíra (1 , 2 , 3). Hægt er að skipta milli gíra með því að ýta á “Mode” takkann.

LJÓS

Til að kveikja og slökkva á ljósum skal ýta á og halda inni í ca. 3 sekúndur “M” takkanum.

RAFHLÖÐUSTAÐA

LED skjárin segir til um stöðu rafhlöðu á hjóli. Til að sjá nákvæmari stöðu er hægt að skoða spennumæli á hjóli. Þegar hjól er fullhlaðið mun spennumælir sýna 54V og þegar hjól er algerlega tómt mun mælirinn sýna 42V.

Til að auka líftíma rafhlöðu er ekki mælt með að fara undir 20% af rafhlöðuhleðslu.

KÍLÓMETRA MÆLIR

Þegar það er kveikt á hjólinu, mun kílómetramælir sýna heildar kílómetra fjöldann sem hjólið hefur verið keyrt.

Til að skipta á milli kílómetra mælis og ferðalengdar þarf að ýta á “Power” takkann einu sinni.

RAFHLAÐA

Rafmagnshlaupahjólið er knúið áfram með hágæða lithium rafhlöðu sem veitir bestu mögulegu upplifunina.

Til að fá sem bestu endingu á rafhlöðunni mælum við með að fullhlaða rafhlöðuna fyrir fyrstu notkun.

EGINLEIKAR RAFHLÖÐU:

HLEÐSLUJAFNARI

Hver rafhlaða er með sjálfvirkri jafnvægis hleðsluvörn. Eykur líftíma rafhlöðu og sér til þess að rétt volt (V) sé alltaf notað.

OFHLEÐSLUVÖRN

Rafhlaðan er með sjálfvirkri ofhleðsluvörn sem stoppar hleðslu á rafhlöðunni þegar hún hefur náð 100% hleðslu, jafnvel þó hleðslutæki sé enn í sambandi.

HITASTIG RAFHLÖÐU

Það er mjög mikilvægt að geyma rafhlöðu eða hlaða rafhlöðu við hitastig sem er 15° - 30° C (s.s. innandyra). Þetta er til að tryggja líftíma rafhlöðu.

YFIRSPENNUVÖRN

Aðeins er hægt að nota hleðslutæki upp að 8V til að hlaða þetta hlaupahjól. Hleðslutæki með hærra V munu ekki hlaða rafhlöðu. Þetta er til að auka líftíma rafhlöðu.

YFIRÁLAGSVÖRN

Ef of tæming á sér stað á rafhlöðu, mun rafhlaðan hætta algerlega að virka þegar hún fer undir 36V en það er til að vernda rafhlöðu.

SKAMMHLAUSVÖRN

Ef það verður skammhlaup í rafhlöðu, mun hún stöðvast sjálfkrafa til að vernda rafhlöðuna.

HLEÐSLA

- 1) Settu hleðslutæki í samband við vegg og settu svo hinn endann í samband við hlaupahjól, í hleðslugatið á hjólinu.
- 2) Í öryggisskyni, ekki láta hlaupahjól vera í hleðslu í meira en 10 klukkutíma.
- 3) Við hleðslu skal hitastig við hleðslu vera frá 15° - 30° C til að auka líftíma rafhlöðu.



RAFHLÖÐU UPPLÝSINGAR:

48V

13.2aH

LÆRA AÐ NOTA HJÓL

1) Notið nauðsynlegan hlífðarbúnað/fatnað þegar hjól er notað.

Notið ávallt hjálm.

2) Mælt er með að hjólið sem eingöngu notað á sléttum vegum þar sem það eykur líkur á slysum ásamt skemmdum á hjóli til muna að vera á malarvegum, blautum vegum og/eða ísi lögðum vegum.

3) Það er stranglega bannað að vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna við notkun á rafmagnshlaupahjóli.

MIKILVÆGT

Vinsamlegast lesið lög og reglur varðandi notkun á rafmagnshlaupahjólum fyrir fyrstu notkun. Apollo ber ekki ábyrgð á misnotkun, vanrækslu og/eða sektum við notkun á hlaupahjólum frá Apollo.

Apollo Imports Inc bera ekki ábyrgð á vanrækslu, meiðslum eða skemmdum á eignum við notkun á þessu hlaupahjóli. Ökumaður hlaupahjóls er sjálfur ábyrgur á notkun hjólsins. Með því að kaupa Apollo hlaupahjól, er notandi að samþykkja alla skilmála Apollo.

ÞRIF Á RAFMAGNSHLAUPAHJÓLI

Til að þrifa bletti af hlaupahjólinu skal nota mjúkan og rakan klút. Einnig er hægt að nota tannkrem og bletta hreinsi – en ganga þarf úr skugga um að hreinsiefnin séu örugg og muni ekki skemma yfirborð hjólsins.

ATH : Ekki nota alkóhól, bensín, steinolíu eða önnur ætandi efni til að þrifa hjólið. Muna þarf að hafa slökkt á hjólinu þegar verið að þrifa það.

Við geymslu á hjólinu skal tryggja að hitastig sé 15° - 30° C, til að viðhalda líftíma rafhlöðu.

Passið uppá að rafhlaða sé að lágmarki 75% hlaðin áður en hjól er sett í geymslu. Þegar hjól er í geymslu (t.d. yfir vetrartímann) er gott að kveikja á hjólinu einu sinni í mánuði, til að skoða stöðu á rafhlöðu. Ef rafhlaða fer undir 30%, hlaðið þá aftur upp í 75% fyrir frekari geymslu.

RAFHLÖÐURÁÐ

1. Við opnun á rafhlöðugeymslu og/eða fíkti við tengi mun ábyrgð sjálfkrafa falla úr gildi.
2. Ekki skal snerta, taka í sundur og/eða gera göt á rafhlöðu þar sem það getur verið heilsuspillandi og hættulegt. Apollo er ekki ábyrgt fyrir neinum skemmdum eða skaða sem hlýst af óviðeigandi meðferð á rafhlöðu.
- 3) Notið aldrei hleðslutæki sem ekki er viðurkennt af framleiðanda til að hlaða hlaupahjól. Hafið samband við endur söluaðila Apollo rafmagnshlaupahjóra til að spyrjast fyrir um hleðslutæki.

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR VARÐADI ÁBYRGÐ

Bilun eða skemmd á hjóli sem hlýst af einhverju af neðangreindu er ekki ábyrgðarmál:

- Nota ekki hlaupahjól eins og leiðbeiningar segja til um.
- Skemmdir sem hljótast af misnotkun, slysi eða árekstri.
- Skemmdir sem hljótast af akstri á óeðlilegum vegum, slóðum eða óhæfu yfirborði.
- Hlaupahjól er ekki geymt á réttan hátt , eins og sett er fram í leiðarvísi.
- Vanræksla, misnotkun eða notkun á hjóli sem telst ekki vera ábyrg notkun.

Framleiðandi : Apollo Scooters
Unit 224
3700 Saint Patrick
Montreal , Quebec
H4E 1A1 Canada

Umboðsaðili á Íslandi:
SRX EHF
Lava Business Park
Gjáhella 13
221 Hafnarfjörður
Ísland
info@srx.is

EU DECLARATION OF CONFORMITY

Equipment

Product: Electric Scooter

Model: Light/City/Explore/Pro/Ghost



Product Photo:

Manufacturer

Name: Ningbo Legas Photoelectric Technology Co., Ltd

Address: No.885 ChunHua Road, Haishu District, Ningbo, China

Country: China

This declaration of conformity is issued under the sole responsibility of the manufacturer.

Authorized representative: SRX ehf., Lava Business Park, Gjahella 13,221 Hafnarfjorour Iceland.

Please contact Kjartan Orn [Sigursson\(ks@srx.is\)](mailto:Sigursson@ks@srx.is) for further information if needed.

Object of the declaration: Listed above

The object of the declaration described above is in conformity with the following relevant Union harmonization legislation(s):

Low Voltage Directive(LVD)	2014/35/EU	✓
Electromagnetic Compatibility(EMC)	2014/30/EU	✓
Restriction of the use of certain hazardous substances(RoHS)	2011/65/EU	✓
Machinery(MD)	2006/42/EC	✓

References to the relevant harmonized standards used, including the date of the standard, or references to the other technical specifications, including the date of the specification, in relation to which conformity is declared:

Harmonized Standard	Test Report No.	Notify Body
EN 60335-1:2012+A11:2014 EN 62233:2008	BCTC-FY171007275S	Shenzhen BCTC Testing Co., Ltd
EN 55014-1:2017 EN 55014-2:2015 EN 61000-3-2:2014 EN61000-3-3:2013	BCTC-FY171007274E BCTC-FY180301417C BCTC-FY180301417E	Shenzhen BCTC Testing Co., Ltd
EN ISO 12100:2010 EN 60204-1:2006+AC:2010	BCTC-FY180703826S	Shenzhen BCTC Testing Co., Ltd
RoHS Directive-2011/65EU	BCTC-FYC170112611R	Shenzhen BCTC Testing Co., Ltd

Signed for and on behalf of

Place and date of issue:

Signature:

Name, function:

Ningbo Legas Photoelectric Technology Co., Ltd
No.885 ChunHua Road, Haishu District, Ningbo, China
2020/07/19

WALTER
Walter Du, Manager

